

7. Stjórnarfundur Landssambands ungmennafélaga

28. júní 2017, Hitt Húsið, Reykjavík kl. 18:00

Mætt eru: Sigurður Helgi Birgisson (SHB), Marinó Örn Ólafsson (MÖÓ), Una Hildardóttir (UH), Laufey María Jóhannsdóttir (LMJ), Ólafur Hrafn Halldórsson (ÓHH) og Tinna Isebarn (TI) framkvæmdastjóri LUF.

Forföll boðaði: Sara Sigurðardóttir og Guðbjört Angela Mánadóttir.

Fundur settur 19:06 vegna myndatöku.

Dagskrá:

1. **Fundargerð 6. Stjórnarfundar** var samþykkt.
2. **Tillaga að nýju merki félagsins** var samþykkt einróma.
3. **Upplýsingar frá framkvæmdastjóra:**
 - a. **Endurskoðun ársreiknings 2016:** Skv. samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið ber félaginu að skila ráðuneytinu endurskoðuðum ársreikningi ársins á undan ásamt afriti á Ríkisendurskoðun. TI var gert að fela kjörnum skoðunarmönnum reikninga starfsársins 2016-2017 að endurskoða ársreikninginn.
 - b. **Framvinduskýrsla:** TI lagði fram tillögu um að vinna framvinduskýrslu með yfirliti yfir starfsárið og stöðu verkefna fyrir annan fulltrúaráðsfund. Var sú tillaga samþykkt þar sem félaginu er einnig skylt að skila slíkum upplýsingum til mennta- og menningarmálaráðuneytisins skv. samning fyrir lok nóvember.
 - c. **Stofnfundur:** Hugmyndir á lofti um stofnun félags innflytjenda sem hluta af verkefninu um valdeflingu ungra innflytjenda.
 - d. **Svör við styrkumsóknum** til EUF og NORDBUK var báðum hafnað.
 - e. **Heimsókn frá Doktorsnemum** frá Háskólanum í Southampton verður í lok ágúst.
 - f. **Handbók um ungmennafélög:** TI óskaði eftir tímaramma og tillögum að uppsetningu. TI og UH var falið að funda sérstaklega um málið.
 - g. **Úrsagnir aðildarfélaga:** Ungliðadeild Amnesty International á Íslandi hefur sagt sig úr félaginu vegna reglu um hlutleysi og Ungmennahreyfing Dögunar jafnframt vegna óvirkni.
4. **Uppfært aðildarumsóknarferli LUF** var tekið til umræðu og samþykkt einróma.
5. **Aðildarumsókn Kóder:** Skýrsla um umsóknargögn var tekin til umræðu og var umsókn Kóder um áheyrnaraðild samþykkt einróma.
6. **Samskipti við aðildarfélögin:** TI og MÖÓ falið að funda vegna innheimtu félagsgjalda. Einnig val rætt um 6. gr. laga LUF um upplýsingaskyldu aðildarfélaganna. Ákveðið var að SHB sendi formönnum félaganna bréf þegar ný heimasíða fer í loftið.
7. **Leiðtogaskólinn:**
 - a. **Nafn og merki skólans:** ÓHH lagði til að nota eina útfærslu merki félagsins sem sérstakt merki skólans. Var sú tillaga samþykkt. Einnig var ákveðið að skólinn hétu formlega Leiðtogaskóli Íslands. Ákvörðun á enska heiti skólans var frestað.
 - b. **Niðurstaða könnunar:** 21 félög svöruðu: Samfés, JCI, UJ, SÍF, Viðreisn, AIESEC, Projekt Polska, Breytendur, UNICEF, SUB, SUF, UNF, UU, Síne,

UP, Stamfélagið, Rauði krossinn, AFS, Núll Prósent, UAK og UE. **Námskeið sem kennd verða skv. niðurstöðu könnunar**

1. Verkefna- og viðburðarstjórnun (18 atkvæði)
2. Fjármögnun og styrkumsóknir (18 atkvæði)
3. Samskiptahæfni: Efling hópavinnu (17 atkvæði)
4. Leiðtogafræði (16 atkvæði)
5. Ræðumennska: Framkoma og framsaga (15 atkvæði)
6. Stefnumótun (13 atkvæði)
7. Active Citizen Framework (12 atkvæði)
8. Nýsköpun (11 atkvæði)

- a) Fjallað var um **drög að námskeiðslýsingu** og **stundatöflu** sem TI var falið að ljúka við.
 - b) **Dagsetningar:** Ákveðið var að breyta dagsetningum m.v. umsókn til Evrópuráðsins í 14. - 15. október í stað 28. - 29.
- 8. Framhald áskorun til RSK:** Ákveðið var að skrifa fréttapistil og birta á nýrri heimasíðu.
- 9. Alþjóðamál:**
- a. **Staða alþjóðanefnd:** Umræðu frestað til næsta fundar.
 - b. Kall eftir þátttakendum á „**World Forum Democracy 2017**“. Stjórn var hvött til að sækja um.
 - c. TI sagði frá „Symposium on ‘**Youth Policy Responses to the Contemporary Challenges Faced by Young People**’” í **Tékklandi**.
 - d. MÖÓ og LMJ sögðu frá ráðstefnunni „**Learning to live together: A shared commitment to democracy**“ í **Frakklandi**
- 10. Heimasíða:** TI og ÓHH hittust á vinnufundi 8. júní og settu upp veftré til að safna saman þeim upplýsingum sem eiga að koma fram. Stefnt er að því að fullklára heimasíðuna 30. júní.
- 11. Næsti fundur:** 12. júlí.
- 12. Önnur mál:** Engin bárust.

*Fleira ekki rætt og fundi slitið 20:22
TI ritaði fundargerð.*